



Fréttatilkynning
11. ágúst 2011

Árshlutareikningur Landsnets hf. fyrir tímabilið janúar-júní 2011

- Tap tímabilsins nam 133 milljónum króna -

Tap Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 133 mkr. fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2011 samanborið við hagnað að fjárhæð 1.034 mkr. fyrir sama tímabil árið 2010. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 4.358 mkr. samanborið 4.645 mkr. á sama tímabili fyrra árs og lækkar því um 287 mkr. á milli ára. Verri afkoma á fyrri helmingi ársins 2011 í samanburði við fyrri helming fyrra árs stafar að mestu af breytingum í fjármagnsliðum og felst aðallega í hærri verðbólgu á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011 og meira gengistapi miðað við sama tímabil árið áður. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 3.292 mkr. á tímabilinu á móti 2.185 mkr. á sama tímabili ársins 2010. Hrein fjármagnsgjöld hækka því um 1.107 mkr. á tímabilinu janúar-júní 2011 í samanburði við sama tímabil 2010.

Eiginfjárhlutfall í lok júní var 16,1% samanborið við 16,5% í lok ársins 2010. Eigið fé í lok tímabilsins nam 11.489 mkr. samanborið við 11.622 í lok árs 2010. Heildareignir félagsins í lok júní námu 71.404 mkr. samanborið við 70.513 mkr. í lok árs 2010. Heildarskuldir námu 59.914 mkr. samanborið við 58.891 mkr. í lok árs 2010.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok júní nam handbært fé 6.542 mkr. Handbært fé frá rekstri fyrstu 6 mánuði ársins nam 2.453 mkr. samanborið við 3.048 mkr. á sama tímabili árið 2010.

Árshlutareikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 11. ágúst 2011.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang gudlaugs@landsnet.is

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

	1.1.-30.6.2011	1.1.-30.6.2010
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	6.047.704	6.611.832
Rekstrargjöld	(2.923.539)	(3.167.592)
Rekstrarhagnaður	3.124.165	3.444.240
Hrein fjármagnsgjöld	(3.292.196)	(2.184.966)
Áhrif hlutdeildarfélags	2.324	1.794
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(165.707)	1.261.068
Tekjuskattur	33.141	(226.992)
(Tap) hagnaður	(132.566)	1.034.076

	30.6.2011	31.12.2010
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir	63.165.331	64.034.921
Veltufjármunir	8.238.598	6.477.705
Eignir samtals	71.403.929	70.512.626
Eigið fé	11.489.486	11.622.052
Langtímaskuldir og skuldbindingar	58.450.693	56.402.782
Skammtímaskuldir	1.463.750	2.487.792
Eigið fé og skuldir samtals	71.403.929	70.512.626

	1.1.-30.6.2011	1.1.-30.6.2010
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	2.452.862	3.048.421
Fjárfestingahreyfingar	(85.290)	(780.151)
Fjármögnunarhreyfingar	(66.486)	(3.241.471)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	(15.007)	(17.278)
Handbært fé í ársbyrjun	4.255.901	5.863.874
Handbært fé í lok tímabils	6.541.980	4.873.395

	1.1.-30.6.2011	1.1.-30.6.2010
Helstu kennitölur		
EBITDA	4.357.733	4.645.415
	30.6.2011	31.12.2010
Eiginfjárhlutfall	16,1%	16,5%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.